

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

---

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 2 2.

---

Stefán Kristjánsson.

---

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1922.

## S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggið á árinu:

Eldiviður	331	hestburðir	
Birgðir f. f. ári	<u>186</u>	"	517 hestb.
Selt á árinu	28	"	
Til húsabóta (hlaða)	7	"	
Efniv. til Skógrstj.	6	"	
Eldiv. skógarvarðar	159	"	
Leyft högg (eldiv.)	<u>238</u>	"	<u>438</u> "
Fyrirliggjandi 31/12			79 hestb.

Af smástaðum voru til fyrirliggjandi 1080 staurar (f. f. ári) Á árinu hafa verið teknir og birkir 130 staurar, værða þetta samt. 1210 staurar. Hér af voru skógræktarstjóra sendir 1040, en úrkastið 170 staurar, sek ekki þótti hæft til að senda, var haft í girðingu hér, eru því engir smástaður til fyrirliggjandi nú.

Girðingarstaður birkir og þurkaðir voru til 12, voru þeir allir haðir til endurbóta á girðingunni.

Klyfberabogaefni fjögur voru tekin úr skóginum og öll seld á árinu.

Kol voru talin til f. f. ári um 275 kg., þar af voru skógræktarstjóra sen 100 kg., en seld 12 132 kg, eru því til nálagt 160 kg.

## G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

Birki	3.809	stk.
Reynir	312	-
Lerkí	95	-
Fjallafura	10	-
Ribs	16	-
Víðir, græðl.	15	-
Alls	<u>4.257</u>	stk.

Dreifsett var:

Reynir	760	stk.
Ribs	120	-
Alls	<u>880</u>	stk.

Sáð var reynifræi.

Af birki eru enn til miklar birgðir hæfar til útplöntunar, lítið af reynivið, ekkert af lerkiplöntum, en nokkrar ribsplöntur. Í fræbeðum er töluvert af reyniplöntum, ef ekki deyr því meira af þeim í vetur.

## G r ó ð u r s e t n i n g:

Í vor var plantað í skóginnefni 180 fjallafuruplöntum og 120 lerkiplöntum, hvorutveggja á Dælarhúsaflötinn, í holur sem daið var úr, og er þó daið þar í mörgum fleiri holum.

## Ý m i s l e g t:

Í skóginum var í haust mjög lítið fræ, en samt var safnað nokkrum kg. af því.

Á þessu ári voru settir upp járbentir steinsteypustólparsvið þrjú hlið á skógargirðinunni, og sömuleiðis steyptir nokkrir stólparsvið.

Girðingin í brekkunni upp af Fnjóskárbrú, var færð nokkra metra norður á við, þangað sem snjóleittara er á vetrum, og álit ég að hún standi betur þar, er sú færsla 200 m. að lengd.

## F e r ð a l ö g:

Árið 1922 fór ég í erindum skógræktarinnar ferðir þessar:

Til Akureyrar 8.- 9. júní til þess að sjá um sending á plöntum með skipum, og leiðbeina við gróðursetningu trjáa á Akureyri.

Til Akureyrar fór ég aftur 3. júlí til þess að fá útborgaða peningaávisan vegna skógræktarinnar, þar sem engin privat ferð féll þá fyrir, sem ég gæti notað til þeirra hluta.

Út að Garði fór ég 5. júlí til þess að líta eftir öspunum þar, og girðingunni um þær, og færa í lag það sem úr sér var gengið.

Dagana 6.- 7. júlí fór ég um skóganum á Reykjum, Tungu og Sörlastöðum, hér í reppi, til þess að líta eftir þeim og leiðbeina um meðfreð þeirra. Gunnar Jónatansson, bóndi á Reykjum fór með mér um Reykjaskóg, hefir hann grisjað nokkuð til muna í skóginum og heppnast það samilega vel. Hefir hann águga á að skógarinn þroskist og njóti góðrar meðferðar, enda sér það á, því skógarinn er í góðri framför. Skógarinn liggur vestan Bleiksmýradalsár á hjóllum nokkrum og í hjalla-brekkum og er þar sumsstaðar gott skjól, liggur hann alllangt frá þess og beitarhúsum, verður því fyrir fremur litlum ágangi af beit að vetrinum og hefir þannig að sumuleyti betri skilyrði til að ná þroska, en ýmsir aðrir skógar. Í Tungu er skógarinn í brattri fjallshlið og skriðuhöfðum austan Bleiksmýradalsar og liggur því móti vestri. Fjallið fyrir ofan er mjög bratt, og hlaypa úr því bæði skriður og snjóflóð, skógarinn liggur því undir nokkrum áföllum af þessum sökum, og því hætt við að þar verði ekki mikill eða samfeldur skógar, en allvænar hríslur eru innan um á stöku stað. Skógar þessi verður ekki fyrir neinni vetrarheit, enda liggur hann svo langt frá bænum að slikt væri litt hugsanlegt. Sigtryggur bóndi Jónatansson fór með mér um skógin, og lætur hann sér mjög annnt um hann. Á Sörlastöðum liggur skógarinn í hólóttri fjallshlið móti vestri, er þar snjóasamt mjög,

og alltof nærri þe til þess að þar sé gott friðland. Skógurinn er fremur kræklóttur og vaxtarlítill þótt nokkrum framförum hafi hann tekið síðustu árin.

Dagana 11. - 15. júlí fór ég um skógana í Kinnarfelli, Áðaldal og Reykjadal. Um þessa skóga get ég að mestu vísað til þess sem ég hefi áður um þá sagt. Skógurinn í Fellinu er í góðri framför, einum Yztafellsskógur, enda lætur eigandinn, hr. Sigurður Jónsson fyrrum ráðherra, sér mjög annt um hann, og hefir þar verið grisjað til muna, og hvergi rjóðurhöggvið svo ég yrði var við. Er það engum vafa undirorpíð, að þarna getur orðið sérlega góður framtíðar skógur. Skógur sá er tilheyrir Fremstafelli er mikið smávaxnari en Yztafellsskógur, en nýtur sammilegrar meðferðar, og er útlit fyrir að hann eigi framtíð fyrir sér. Háls og Hólsgerðis-skógur liggur næðan við Yztafellsskóg og er miklum mun smávaxnari en hann og smækkar hann og rýrnar eftir því sem norðar dregur, unz hann endar í ómerkilegu, slitróttu kjarri. Meðferðin á þessum skógi er að öllu leyti lökust, og liggur við borð að rjóðurhöggvið sé á stöku stað. Allir þessir skógar liggja austan í Kinnarfelli og ytri skégarnir í miklum bratta. Í Fremstafelsskógi er fellið farið að lækka mjög mikið, og brattinn ekki eins mikill og í hinum skógunum.

Í Áðaldalnum liggja flestir skógarnir á hrauni, jarðvegur er því mjög burr og fremur ófrjór, enda er vöxtur þeirra skóga alltaf lítill og þeir slitróttir, þar sem harunið er algerlega bert og nakið með stórum svæðum. Viðattan er geysimikil, en áhugi fyrir góðri meðferð, hjá eigendum og ábúendum, er mjög af skornum skamti.

Að Ytra-Fjalli í Áðaldal kom ég samkvæmt ósk bónðans þar Indriða Þorkelssonar og Ketils sonar hans. Er þar suður og upp í fjallinu að, koma ofurlitið smákjarr, sem ekki hefir boríð að fyr en nú fyrir nokkrum árum. Er nýgræðingur þessi að vísu smár, en gæti óefað orðið vísis til meira, ef rækt væri við hann lögð. Nú hafa þeir feðgar og þó einkum Ketili, mikinn áhuga fyrir því, að þarna gæti komið skógur, langar hann til að girða svæði þetta af kringumstæður leyfa, og væri óefað þess vert að þeir feðgar væru fremur kvattir til að syna þessum stofni sóma, og sýnist mér skógræktin ætti að hjálpa þeim til að girða reitinn, ef þeir sjálfir vilja leggja nokkuð mörkum, sem ég efast ekki um.

Að því er snertir skógana í Reykjadal, get ég algerlega vísað til þess, sem ég hefi áður um þá sagt.

Dagana 8.-9. sept. fór ég að Grund til að sjá um aðgerð á girðinguinni þar. Reyndist þá ómögulegt að fá menn í vinnu, fékk ég því hr. Július Ólafsson í Hólshúsum til þess að sjá um það verk, svo fljótt sem hægt væri að fá menn til þess.

Fór ég svo aftur að Grund 30.-31. okt, til þess að líta eftir verkinu og greiða vinnulaun. Á suðurhlið girðingarinnar var hlaðinn garður í djúpu lægðina sem þar var, og staurarnir settir þar ofaná, og gamli vírinn þar á, því þegar til kom, varð ekkert af því að nýr vir kemmi frá R.vík., eins og ráðgert hafði verið. Einnig var gert við hinar aðrar hliðar, girðingarfinnar eins og föng voru á, og vírinn þar bættur eftir þörfum. Girðingin sýnist nú vera í allgoðu lagi, en auðvitað er sumt af vírnum mjög lélegt, og þarf því töluvert viðhald.

Vöglum 29. des. 1922.

Stefán Kristjánsson.